

**STJÓRNARFUNDUR LÖNGUMÝRI  
ÞRIÐJUDAGINN 8. DESEMBER 2009 KL 12:30.**

Þriðjudaginn 8. desember kom stjórn SSNV saman til fundar á Hótel Blönduósi. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun sat fundinn undir 1. lið. Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

**1. SSNV atvinnuþróun**

**a. Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í nóvember.** Lagt fram.

Framkvæmdastjóri skýrði einstaka verkefni. Umræður urðu um árangursmat og framtíðarverkefni atvinnuþróunar.

**b. Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar 2010.** Lögð fram drög að starfsáætlun 2010. Samþykkt að stjórn og atvinnuráðgjafar fundi í janúarmánuði í tengslum við lokafrágang áætlunarinnar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með fulltrúum Byggðastofnunar í janúarmánuði þar sem málefni atvinnuþróunar verða til umræðu.

**2. Endurnýjun Menningarsamnings – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við Mennta og menningarmálaráðuneytið varðandi endurnýjum menningarsamnings. Ráðuneytið mun senda drög að nýjum samningi til SSNV eftir að annarri umræðu um fjárlög 2010 lýkur á Alþingi.

**3. Bréf**

**a. Bókun sveitarstjórnar Skagastrandar um úthlutun aukaframlags jöfnunarsjóðs frá 20. nóvember 2009.** Lögð fram til kynningar.

**b. Bókun sveitarstjórnar Skagastrandar um sameiningu sveitarfélaga frá 20. nóvember 2009.** Lögð fram til kynningar.

**c. Bókun stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga frá 30. nóvember 2009.** Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til þess að ræða og hefja sem fyrst undirbúning að myndun þjónustusvæða á grundvelli þeirra ganga sem verkefnisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur sent sveitarfélögunum um flutning á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Þjónustusvæðið á Norðurlandi vestra hefur þegar verið skilgreint og byggðasamlag er til staðar sem stjórn leggur til að byggt verði á. Ljóst er að grundvalla breyting verður á fjármögnun byggðasamlagsins árið 2011 málaflókkurinn færir yfir til sveitarfélagana. Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með þróun mála í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga.

**d. Bréf Jöfnunarsjóðs frá 17. nóvember 2009.** Í bréfinu kemur fram að bundið framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna ársins 2008, sbr. b. lið 6.gr reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr 113/2003 nema 136.552.005 kr eða 17.069.00 kr á hver samtök. Í bréfinu kemur einnig fram að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 er gert ráð fyrir að tekur Jöfnunarsjóðs af lögbundnum framlögum frá ríki verði þær sömu og á árinu 2009. Með tilvísun til þess næmi framlagt til landshlutasamtakana um 16.400.000 kr á hver samtök. Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlags á árinu 2010 mun berast landshlutasamtökunum þegar fjárlög ársins 2010 liggja fyrir.

- e. **Bréf Stígamóta.** Í bréfinu er óskað fjárstyrks fyrir árið 2010. Erindinu hafnað.
- 4. **Umsagnir um lagafrumvörp**
  - a. **Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa) , 15. mál.** Veitir ekki umsögn
  - b. **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt o.fl. (landið eitt skattumdæmi o.fl.), 226. mál.** Veitir ekki umsögn.
- 5. **Starfsáætlun SSNV 2009-2010 – umræður.** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun SSNV milli ársþinga 2009 og 2010. Áætlunin er aðgerðaáætlun varðandi eftirfylgni ályktana 17. ársþings SSNV og einnig yfirlit yfir þá viðburði sem stjórn hyggst standa fyrir á starfsárinu. Umræður urðu um starfið framundan. Framkvæmdastjóra falið að lagfæra áætlunina í samræmi við umræður á fundinum að öðru leiti er hún samþykkt.
- 6. **Önnur mál.**
  - a. **Stuðningur við góðgerðarmál.** Í stað þess að senda út jólakort samþykkir stjórn að veita 80 þúsund krónum til hjálpar/góðgerðarstarfs á Norðurlandi vestra fyrir jólin 2009. Framkvæmdastjóra falin nánari útfærsla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:45.  
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.